


Leiðarvísir

Emerald 183



SAFETY INSTRUCTIONS TO BE PLACED HERE

Við áskiljum okkur rétt til að breyta vélinni og fylgihlutum án fyrirvara, og/eða breyta útliti mynstra í henni. Slíkar breytingar munu hins vegar ávallt verða viðskiptavininum í hag.




Vinsamlegast athugið að ef og þegar þessari vél verður fargað að það verði þá gert í samræmi við viðkomandi landslög sem gilda fyrir rafmagns og rafeindatæki. Ef í vafa hafið þá samband við umboðið.



VSM Group AB • SE-561 84 Huskvarna og Pfaff hf, Reykjavík
www.husqvarnaviking.com www.pfaff.is

YFIRLIT YFIR VÉL





1. Spenna fyrir spólun
2. Lok
3. Skjár
4. Handhjól
5. Vísir fyrir virka valmynd
6. Aðgerðarflötur
7. Aðalrofi, tenging fyrir rafmagn og fótstöð
8. Hólf fyrir fylgihluti
9. Lok yfir spólu
10. Stingplata
11. Ljós
12. Tvinnahnífur
13. Stillir fyrir fótþrýsting
14. Þráðgjafi
15. Fótstöng og fóthalda
16. Saumfótur
17. Nál

18. Nálahalda með skrúfu
19. Fótlyftir
20. Afturábak hnappur
21. Takki til að taka flytjara úr sambandi
22. Nálin uppi / niðri
23. STOP hnappur
24. FIX hnappur
25. Rennslisloka fyrir saumhraða
26. Tvinnaspenna

1. Fylgihlutir			Notist við
	Saumfótur A	1	Þessi fótur er á vélinni þegar hún kemur frá verksmiðjunni og er aðallega notaður við beina sauma og zik zak og sporlengd lengri en 1,0..
	Saumfótur B	1	Þessi fótur er notaður fyrir stutt zik zak spor og flatsaum með styttri sporlengd en 1,0, og einnig fyrir nytjasauma, skrautsauma. Grópin undir fætinum rennur auðveldlega yfir slíka sauma.
	Hnappagata rennslisfótur C	1	Þessi fótur er með rauf aftan á, þar sem hægt er að stilla stærð hnappagatsins. Vélin saumar síðan hnappagat sem hentar þeirri tölustærð sem þar er stillt.
	Blindföldunarfótur D	1	Þessi fótur er fyrir blindfalda. Innri brú hans stýrir jaðar efnisins og hægri táin á fætinum er hönnuð þannig að hún rennur meðfram faldbrúninni.
	Rennilásafótur E	1	Þennan fót er hægt að setja á fóthölduna þannig að hann sé vinstra eða hægra megin við nálina. Þetta auðveldar að sauma báðar hliðar rennilássins í sömu áttina. Færið nálina til vinstri eða hægri til að sauma þétt upp við tennur lássins.
	Rennslisfótur H	1	Þessi fótur er með sérstakar rennslisplötur að neðan og þær festast ekki við svamp, leður eða vinyll eins og venjulegir járnfætur vilja gera.
	Jaðarfótur J	1	Þessi fótur er notaður til að kasta sauma eða fyrir sauma og jaðarfrágang um leið þ.e.a.s. fyrir alla slíka sauma sem eru breiðari en 5.0 og 5.5 mm. Saumurinn saumast yfir jaðarpinnann svo jaðarinn dregst ekki saman
	1/4" 6.35 mm bútasaumsfótur P	1	Þessi fótur er notaður þegar verið er að sauma búтана saman. Fóturinn er með saumstýringar fyrir 1/4" (6 mm) og 1/8" (3 mm).
	Glær fótur B	1	Þessi fótur er fyrir skrautsauma. Hann er eins að neðan og saumfótur B.
	Rykkingarfótur	1	Þessi fótur er til að rykkja efni, eða til að rykkja og sauma slétt efni í einum saum. Fóturinn hentar fyrir þunn og meðal efni.

Fylgihlutir

- 1 Skrúfjárn
- 2 Filtskífa
- 3 Sprettihnífur / bursti
- 4 Jöfnunarplata
- 5 Spólur x 5
- 6 Nálar
- 7 Stór skífa fyrir keflispinna
- 8 Lítil skífa fyrir keflispinna
- 9 Jaðar/bútasautsstýring
- 10 Peruskiptir
- 11 Lok yfir vél
- 12 Hólf fyrir fylgihluti
- 13 Fótmótstaða og rafmagnssnúra (ekki á mynd)



Byrjað að sauma

1. Byrjað að sauma		Stop (B)	20
		Fix (C)	20
Vélin tekin upp	6	Afturábak (D)	21
Gengið frá að saum loknum	6	Stillir fyrir fótþrýsting	21
Hólf fyrir fylgihluti	7	Jafnvægi í saumum (A)	21
Hólfíð fjarlægt / fríarmurinn notaður	7	Aðgerðarhnappar	22
Fótmótstaðan tengd	8	Beinvals hnappar(A)	22
Vélin tengd við rafmagn	8	Saumbreidd (B)	22
Viðmiðunartafla fyrir sauma	9	Sporlengd (C)	22
Flytjarinn tekinn úr sambandi	10	Hnappur fyrir val á valmynd (D)	22
Skipt um saumfót	10	Hnappur fyrir minni (A)	23
Skipt um nál	10	Hliðarspeglun (B)	23
Nálar	11	Saumlengingar hnappur (C)	23
A – Alhliða nálar	11	Hnappur fyrir leiðréttingu (A)	24
B – “Stretch” nálar fyrir teygjanleg efni	11	Hnappur til að hreinsa (B)	24
C – Jeans Nálar nr. 90 fyrir gallabuxnaefni	11	Hljóðmerki	24
Kelfispinnar	12	Tákn á skjá	25
Lárétt staða	12	Tákn á skjá: Stafróf	25
Lóðrétt staða	12	Tákn á skjá: Saumlenging	26
Yfirtvinninn þræddur	13	Tákn á skjá: Minni	26
Tvinninn klipptur	14	Viðvörðunarskilaboð	27
Þræðari fyrir nál	14	Saumfóturinn er ekki niðri	27
Þræðing á tvíburanál	15	Aðalmótor gengur ekki	27
Spólað á spóluna frá lóðréttu keflis-		Handfangið fyrir hnappagat er ekki niðri	27
pinnanum	16	Handfangið fyrir hnappagat er ekki uppi	27
Spólan sett í vélina	17	Spólun	27
Fótlyftan	17	Forritun	28
Rétt og röng tvinnastilling	18	Saumaröð búin til	28
Aðgerðarhnappar á vélinni	19	Mynstrum eða stöfum bætt inn í	
Rennslisseði fyrir saumhraðann	19	saumaröð	29
Fótmótstaðan	19	Leiðrétting á mynstrum/stöfum	29
Nálin stöðvist uppi / niðri (A)	20	Mynstur eða stafir fjarlægðir	29
		Náð í saum í minninu og hann	
		saumaður	30
		Saumlenging	30
		Saumað	31





Jaðar / bútasauks stýring	31
Jaðar kastaður	32
Sauma og jaðrar kastaðir samtímis	32
Ístopp og bætur	33
Faldar saumaðir í gróf efni	33
Blindfaldur	34
Hnappagöt	35
Hnappagatafótur C	35
Hnappagöt með undirleggspræði (fyrir teygjanleg efni)	36
Töluáfesting	37
Rennilásar saumaðir í flík	38
Rennilás í miðju	38
Rykking	39
Skipt um peru	40
Umhirða á vél	41
Hreinsun	41
Spólusvæðið hreinsað	42
Hreinsað undir spólusvæðinu	42
Truflanir og ráð við þeim	44
Saumatafla	46
Sauma valmynd 3	48
Sauma valmynd 4	48
Sauma valmynd 5	48
Stafrófs valmynd	48

Vélin tekin upp

- 1 Setjið vélina á stöðugan flöt, fjarlægjið pakkningar og takið lokið af vélinni.
- 2 Með vélinni er poki með fylgihlutum, rafmagnssnúra og snúra fyrir fótmótstöðu.
- 3 Strjúkið af vélinni með mjúkum klút og sérstaklega í kring um nálarvæðið til að fjarlægja óhreinindi og fitu.

Gengið frá að saum loknum


- 1 Ýtið á aðalrofann til að kveikja á vélinni.
- 2 Takið rafmagnssnúruna úr vegg-tengli og síðan úr vélinni.
- 3 Vefjið snúrunni um hendina og setjið hana á sinn stað í lokinu (A).
- 4 Takið fótmótstöðuna úr sambandi við vélina. Vefjið snúrunni um hendina og setjið hana inn í hólfið á mótstöðunni (B).
- 5 Gangið úr skugga um að allir fylgihlutir séu í hólfinu og rennið því á vélina.
- 6 Þrýstið fótmótstöðunni saman og setjið hana í hólfið fyrir hana á lokinu (C og D).



Hólf fyrir fylgihluti

Í hólfinu er sérstakur bakki fyrir alla saumfætur og spólur auk rýmis fyrir aðra fylgihluti.

Geymið saumfætur og spólur alltaf í bakknum þannig að þeir séu ávallt til staðar þegar á þarf að halda.



Hólfíð með fylgihlutunum fjarlæggt - fríarmurinn notaður

Látið hólfíð vera á vélinni - með því fáið þið stærri vinnuflöt.

Rennið hólfinu hins vegar af vélinni

þegar þið þurfið að nota fríarminn.

Það er mjög hentugt að nota fríarminn þegar verið er að sauma hólklaga flíkur eins og buxnaskálmur, ermar o.s.frv.

Rennið hólfinu síðan á sinn stað utan um arminn þar til þið heyrið að það smellur á sinn stað.





Fótmótstaðan tengd við vélina

Með fylgihlutunum eru snúrur fyrir rafmagn og fótmótstöðuna. Þið þurfið aðeins að tengja snúruna við fótmótstöðuna í upphafi, en látið hana síðan vera tengda.

Snúið fótmótstöðunni við og tengið snúruna við tengilinn neðan á henni.

- 1 Þrýstið á þannig að snúran sitji örugglega í tenglinum.
- 2 Festið snúruna síðan undir raufrana neðan á mótstöðunni.




Vélin tengd við rafmagn

Neðan á saumavélinni eru upplýsingar um þá spennu (V) og rafmagnstíðni (Hz) sem vélin var framleidd fyrir.

Áður en þið tengið fótmótstöðuna við vélina fullvissið ykkur um að hún sé af gerðinni "FR4" (sjá neðan á fótmótstöðunni).

- 1 Tengið snúruna frá fótmótstöðunni í neðri tengilinn á neðanverðri hægri hlið vélarinnar (A).
- 2 Tengið rafmagnssnúruna í aftari tengilinn á neðanverðri hægri hlið vélarinnar (B).
- 3 Þegar þið kveikið á aðalrofanum (C) kviknar bæði á saumavélinni og ljósi hennar.





Viðmiðunartafla fyrir sauma

Skoðið viðmiðunartöfluna fyrir sauma til að velja á fljótlegan hátt hentugasta saum, sporlengd, sporbreidd, tvinnaspennu, saumfót og þrýsting á saumfót fyrir þá saumataekni og það efni sem verið er að sauma.

Skoðið dálkinn fyrir efnið sem þið eruð að sauma:



OFIN EFNI: fyrir stöðug efni sem teygjast ekki. Venjulega ofin efni.



TEYGJANLEG EFNI: fyrir efni sem teygjast. Venjulega þrjúnuð efni.



LEÐUR/VINYL: fyrir rúskinn, ekta leður, gerfileður og vinyl efni.

Veljið sauminn fyrir þá saumataekni sem nota á:



SAUMUR: saumar tvö efni saman.



KASTSAUMUR: kastar jaðra á efnum til að ekki rakni úr þeim og að þeir liggi flatir.



SAUMUR/KASTSAUMUR: saumar saum og kastar jaðra samtímis.



ÞRÆÐING: bráðabirgðasaumur til mátunar, fyrir rykkingar og merkingar. Notið lengstu sporlengd.

ATH: Þræðing skilur eftir göt í leðri.




BLINDFÖLDUN: býr til ósýnilegan fald á flikur. Ætti ekki að nota á þunn efni eða á leður/vinyl.



FALDUR: saumið hentugasta sjáanlegan fald á viðkomandi efniþykkt og gerð..



HNAPPAGÖT: saumið hentugasta hnappagat á efnið og efniþykktina sem þið eruð með.




- 1 Efni
- 2 Þrýstingur á saumfót
- 3 Saumataekni
- 4 Saumur
- 5 Saumfótur
- 6 Tvinnaspenna
- 7 Sporlengd
- 8 Sporbreidd

Flytjarinn tekinn úr sambandi

Til að taka flytjarann úr sambandi verður að taka hólfið með fylgihlutunum af vélinni. Rennilokan til að taka flytjarann úr sambandi er staðsett neðan til og aftan á fríarminum.

Rennið lokunni (A) til hægri til að taka flytjarann úr sambandi. Þið rennið honum til vinstri til að setja hann aftur í samband. Flytjarinn kemur upp um leið og byrjað er að sauma eða ef þið snúið handhjólina fram á við. Ávallt á að taka flytjarann úr sambandi þegar þið festið tölur á flikur.





Skipt um saumfót



Slökkvið á aðalrofanum

- 1 Fullvissið ykkur um að nálin sé í efstu stöðu. Togið saumfótinn á fóthöldunni í áttina að ykkur.
- 2 Látið pinnann á saumfætinum vera á móts við raufina á fóthöldunni og þrýstið á fótinn þar til hann smellur á sinn stað.




Skipt um nál



Slökkvið á aðalrofanum

- 1 Losið um skrúfuna í nálahöldunni (B) með skrufjárninu.
- 2 Fjarlægið nálina.
- 3 Ýtið nýrri nál eins langt upp og hún kemst og látið flata kantinn á henni snúa aftur eða frá ykkur.
- 4 Festið skrúfuna (B) aftur með skrufjárninu.



Nálarnar

Saumavélanálin leikur stórt hlutverk í góðum saumaskap. Notið aðeins og eingöngu nálar teg. 130/705H frá viðurkenndum framleiðanda. Nálar sem fylgja vélinni eru mest notuðu grófleikarnir bæði af venjulegum nálum fyrir ofin efni og einnig nálar fyrir teygjanleg efni.

A – Alhliða nálar

Fyrir öll ofin efni. Lítillega afrúnnaður oddur er hannaður þannig að hann fari niður á milli efnispráðanna til að hann skemmi ekki þræðina í efninu.



B – “Stretch” nálar fyrir teygjanleg efni

Fyrir prjónuð og önnur teygjanleg efni. Nálar fyrir teygjanleg efni eða “stretch nálar” eins og þær eru oftast kallaðar eru merktar með gulum lit og eru með afrúnnaðan odd til að þær skemmi ekki þræðina í efninu.

C – “Jeans” nálar nr. 90 fyrir gallabuxnaefni


Þessar nálar eru til að sauma mjög þykk og þéttofin efni eins og gallabuxnaefni og segldúk. Þessar nálar eru merktar með bláum lit og eru með mjög hvassan odd til að auðvelda þeim að fara í gegn um þessi grófu og þétta efni.

ATH: Skiptið oft um nál. Notið eingöngu óbognar nálar með góðum oddi (C). Skemmd nál (D) getur orsakað að vélin hlaupi yfir, nálin brotni eða að tvinninn slitni, og svo getur hún einnig skemmt stingplötuna og saumfótinn.



Keflispinnar

Þessi saumavél er með tvo keflispinna aðal keflispinna og aukalegan keflispinna. Lárétti aðal keflispinninn (A) er til að sauma með venjulegum tvinna, en hinn aukalegi lóðrétti keflispinninn (B) er fyrir stærri kefli, sérstakan tvinna eða til að spóla á spóluna.




Lárétt staða

1. Setjið minni skífuna á keflispinnann.
2. Setjið tvinnakeflið síðan þannig á keflispinnann að tvinninn renni aftur af því í áttina frá ykkur þ.e.a.s. rangsælis.
3. Setjið síðan skífu sem er aðeins stærri en endinn á keflinu fyrir framan það.

ATH: Það eru sem sagt tvær skífur á keflispinnanum. Fyrir mjórri kefli er mjórri skífan sett fyrir framan keflið en fyrir stærri kefli er stærri skífan sett fyrir framan það.


4. Þrýstið flötu hliðinni á skífunni þétt upp að keflinu. Ekkert bil á að vera á milli keflisins og skífunnar til að tvinninn renni frjálslega af keflinu.




Lóðrétt staða

Lóðrétti keflispinninn er notaður t.d. ef verið er að spóla á spóluna, eða þegar verið er að sauma með tvíburanál. Einnig er betra að nota þennan keflispinna ef verið er að sauma með sérstökum tvinna.

1. Togið keflispinnann í áttina að ykkur og setjið hann í lóðréttu stöðu..
2. Setjið stærri skífuna á pinnann og síðan filt ofan á hana, en það er gert til að tvinnakeflið snúist ekki of hratt.



ATH: Ekki á að setja neina skífu ofan á tvinnakeflið á lóðréttu keflispinnanum því það gæti hindrað keflið í að snúast.




Þræðing á yfirtvinna

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé uppi og nálin sé í efstu stöðu.



Slökkvið á aðalrofanum.

1. Togið keflispinnann upp á við. Setjið skífu og síðan tvinnakefli og seinni skífuna á pinnann (A). Ýtið keflispinnann aftur niður.
2. Leggið nú tvinnann eins og örin sýnir undir tvinnastýringuna (B) þannig að tvinninn smelli á sinn stað. Setjið tvinnann síðan undir næstu tvinnastýringu (C).
3. Síðan niður á milli spenniskífanna í tvinnaspennunni (D).
4. Þræðið síðan niður raufina og upp næstu rauf og látið tvinnann renna hægra megin frá í þráðgjafann (E).
5. Síðan koma tvær litlar tvinnastýringar nálægt nálini: F og G. Látið tvinnann fara í báðar þessar stýringar.
6. Nálin er síðan þrædd framan frá og aftur. Hvíti flöturinn á fóthöldunni gerir auðveldara að sjá nálaraugað. Sjáið einnig nánar um þræðarann fyrir nálin á næstu bls.
7. Setjið tvinnann síðan undir og aftur undan saumfætinum og þaðan í tvinnahnífinn.



Tvinninn klipptur

Þegar þið hafið lokið við saum er auðvelt að klippa tvinnann eftir að hafa lyft saumfætinum með því að draga hann í hnífinn sem er neðst á loki vélarinnar vinstra megin.


Þræðari fyrir nál

Nálin verður að vera í efstu stöðu til þess að hægt sé að nota innbyggða þræðarann fyrir nálina. Setjið saumfótinn niður.

1. Þrýstið á handfangið á þræðaranum, ýtið honum niður og látið tvinnann fara undir hakið á honum um leið (A)
2. Ýtið þræðaranum alla leið niður þar til járnhlífarnar fara utan um nálina. Um leið fer lítill krókur á þræðaranum í gegn um nálaraugað (B).
3. Leggið tvinnann nú undir stýringarnar fyrir framan nálina og þannig að hann leggist fyrir innan krókinn sem fór í gegn um augað (C).
4. Látið þræðarann ganga hægt til baka. Krókurinn togar nú tvinnann í lykkju í gegn um nálaraugað. Togið hana í gegn um nálina.
5. Leggið tvinnann undir og aftur undan saumfætinum og klippið.

ATH: Þræðarinn er hannaður fyrir nálargrófleika 70-120. Ekki er hægt að nota hann fyrir nálar nr. 60 eða finni, ekki fyrir Wing húllsaumsnálar og ekki fyrir tvíbura eða þríburanálar. Einnig gæti þurft að þræða nálina með höndunum ef notuð eru sérstök aukatæki við saumana.

Þegar þið þræðið með höndunum er nálin þrædd framan frá. Hvíti flötur fóthöldunnar auðveldar ykkur að sjá nálaraugað




Þræðing á tvíburanál




Slökkvið á aðalrofanum

1. Setjið tvíburanál í nálarhölduna.
2. Þræðið vélina eins og lýst var á bls. 14-15 og þræðið í vinstri nálina.
3. Togið lóðréttan keflispinnann upp og setjið skífu á hann. Setjið annað tvinnakefli eða spólu sem þið hafið spólað samskonar tvinna á og ætlið að nota sem hinn tvinnann.
4. Þræðið vélina eins og áður var lýst en þræðið þennan tvinna í hægri nálina.

ATH: Hámarks millibil á milli nála sem hægt er að nota í þessa vél er 2,5 mm.





Spólað á spóluna frá lóðréttu keflispinnanum

1. Togið lóðréttu keflispinnann upp (A). Setjið stóra skífu á pinnann og síðan tvinnakefli á hann.
2. Leggið tvinnann réttsælis utan um spenniskífuna (B).
3. Þræðið tvinnann innanfrá í gegn um gat á spólunni. Setjið spóluna á spólarann og látið tvinnnaendann snúa upp.
4. Þrýstið spólarann til hægri.
5. Haldið nú í tvinnnaendann og stígið á fótmótstöðuna. Eftir nokkra snúninga getið þið klippt - eða slitið tvinnnaendann. Þegar spólan er orðin full, stöðvast spólarinn sjálfkrafa. Ýtið spólarann aftur til vinstri, fjarlægið spóluna og klippið tvinnann.

Spólan sett í vélina



Slökkvið á aðalrofanum

1. Fullvissið ykkur um að nálin sé í efstu stöðu áður en þið setjið spóluna í eða takið hana úr vélinni. Opnið lokið yfir spólusvæðinu með því að þrýsta á takkann hægra megin við það (A). Fjarlægið lokið (B).
2. Setjið spóluna þannig í spóluhúsið að tvinninn snúist rangsælis af spóluinni.
3. Togið tvinnann í gegn um raufina og til vinstri í tvinnaspennuna.
4. Togið tvinnann þannig að endinn verði ca. 15 cm langur. Setjið lokið aftur yfir spólusvæðið.


1




2



3



4



Fótlyftir

Saumfætinum er lyft eða hann settur niður með fótlyftinum. Ef þið eruð að sauma mjög þykkt efni eða mörg lög af efnum, er hægt að lyfta fætinum aðeins hærra til að auðveldara sé að koma efninu undir fótinn.


Rétt og röng tvinnastilling

Til að skilja betur muninn á réttri og rangri tvinnaspennu ráðleggjum við ykkur að sauma nokkur bein spor á afgangsefni og með mismunandi stillingum.

1. Byrjið að sauma með yfirtvinnaspennuna of lausa þ.e.a.s. stillið á mjög lágt númer. Þá sjáið þið að undirtvinninn liggur beinn og yfirtvinninn hefur verið togaður niður á rönguna.
2. Ef þið stillið hins vegar á of háa tölu, þá gæti yfirtvinninn slitnað, undirtvinninn kemur þá upp á réttuna og saumurinn gæti herpst saman og efnin rykkst.
3. Réttu tvinnaspennan er þegar bæði undir og yfirtvinni mætast á milli efnislaganna.

Ef þið eruð hins vegar að sauma skrautsauma eða hnappagöt þá losið þið aðeins á yfirtvinnunni þannig að yfirtvinninn fari aðeins niður á rönguna.

Saumið nokkra prufusauma á það efni sem þið eruð að fara að sauma til að skoða hvort spennan er rétt.



Aðgerðarhnappar á vélinni

Rennslisloka fyrir saumhraða

Með rennslislokunni fyrir saumhraðann getið þið stillt saumhraða vélarinnar að eigin vild.

Til að auka hraðann er sleðanum ýtt til hægri.


Til að minnka hraðann er sleðanum ýtt til vinstri.



Fótmótstaðan

Hraða vélarinnar er einnig stjórnað með fótmótstöðunni. Þeim mun fastar sem stígið er á hana þeim mun hraðar saumar vélin.

Ef þið stígið fótmótstönua alveg niður þá saumar hún eins hratt og rennslislokan er stillt á.



Nálin stöðvist uppi / niðri (A)

Ýtið á þennan hnapp til að setja nálin í neðstu eða efstu stöðu. Þessi aðgerð getur komið sér mjög vel þegar oft þarf að snúa efninu undir saumfætinum.


Stop (B)

STOP er notað til að ljúka við saum, eða til að sauma aðeins einn mynstursaum.

Að saumnum loknum heftir vélin fyrir sauminn og stöðvast sjálfkrafa. Það er kveikt á stop táknu á skjánum.

Ef þið snertið STOP hnappinn á meðan þið saumið, þá lýkur vélin við þann saum sem hún er að sauma, heftir fyrir og stöðvast.

Ef þið snertið STOP hnappinn á meðan vélin er kyrr, saumar hún næst einn saum og stöðvast svo.



Fix (C)

Með því að ýta á FIX hnappinn þá heftir vélin fyrir í byrjun og/eða enda saums.

Það er kveikt á FIX táknu á skjánum þegar FIX aðgerðin er virk. Ýtið á FIX hnappinn til að kveikja/slökkva á aðgerðinni.

Ef þið snertið FIX hnappinn á meðan vélin er að sauma, þá heftir hún fyrir án þess að klára saumaröðina alla. Eftir að hafa heft, þá er FIX aðgerðin sjálfkrafa óvirk og það slökkvar á FIX táknu á skjánum.

Ef þið ýtið á FIX hnappinn þegar vélin er kyrr, þá heftir vélin fyrir þegar þið stígið á fótstöðuna og heldur síðan áfram að sauma sauminn.


Afturábak (D)

Þið ýtið á afturbak hnappinn til að sauma afturábak. Ör kemur á skjáinn þegar þessi aðgerð er virk. Ef þið ýtið á og haldið afturábak hnappnum niðri þá saumar vélin afturábak þar til þið sleppið hnappnum. Ef þið ýtið á og sleppið hnappnum áður en byrjað er að sauma þá saumar vélin stöðugt afturábak. Ýtið aftur á hnappinn til að láta hana sauma áfram á ný. Lengsta afturábak spor er 3 mm.



Stillir fyrir þrýsting á saumfót

Hér getið þið stillt þrýsting á saumfótinn þegar þið eruð að sauma mismunandi þykk efni. Þessi stillir á að vera á móts við 4 fyrir venjulega sauma, Minnkið þrýstinginn á 1-2 þegar verið er að applíkera, við gatasaum eða þegar verið er að sauma teygjanleg efni, chiffon, blúndur, organdy og önnur mjög þunn efni.





Jafnvægi í saum (A)

Ef þið eruð að sauma handvirkt hnappagat eða skrautsaum og saumurinn virðist ójafn, þá er hægt að stilla það með stillinum fyrir jafnvægi í saumum. Þessi stillir er staðsettur neðarlega á hægri hlið vélarinnar (A).

ATH: Setjið stillinn alltaf aftur í hlutlausu stöðu þegar þið eruð búin að nota hann til að stilla jafnvægi í saum.

Þegar saumur er of þéttur, leiðréttið þið það með því að snúa stillinum rangsælis (B), en réttsælis ef saumurinn er of gisinn (C).



Aðgerðarhnappar

Beinvalshnappar (A)

Þegar valmynd 1 er valin er hægt að nota beinvalshnappana til að velja viðkomandi saum. Með því að ýta á einhvern af hnöppunum 0 til 9 veljið þið þann saum sem sýndur er og hann er tilbúinn um leið.

Saumbreidd (B)

Saumbreiddin er stillt á sama hátt og sporlengdin. Sjálfgefna gildið sést á skjánum en hægt er að stilla sporbreiddina frá 0 og upp í 7 mm. Ef beint spor er valið þá eru sporbreiddar hnapparnir notaðir til að færa sporeguna til vinstri eða hægrí.

Sporlengd (C)


Þegar saumur er valinn kemur hann á skjáinn með sjálfgefnu sporlengdargildi sem talið er henta þessum saum best. Sporlengdin er sýnd á skjánum, en þið getið breytt henni með + eða – hnöppunum.

Hnappur til að velja valmynd (D)

Ýtið á hnappinn fyrir valmyndirnar til að velja aðra saumavalmynd. Þegar kveikt er á vélinni kemur alltaf valmynd 1 með beinvals hnöppunum á skjáinn. Í vélinni eru fimm sauma valmyndir; tvær valmyndir fyrir nytjasauma og þrjár fyrir skrautsauma. Þið getið alltaf séð í hvaða valmynd þið eruð stödd með því að kíkja á díóðuljósíð hægra megin við skjáinn.

Einnig er stafrófs valmynd í vélinni með hástöfum, lágstöfum og tölustöfum.

Frekari upplýsingar um sauma eru á bls. 46-48 í þessum leiðarvísi.



Minnishnappur (A)

Notið minnin til að geyma saumaraðir, og þær geymast þótt slökkt verði á vélinni. Í vélinni eru fjögur minni og hvert um sig getur geymt allt að 20 mismunandi mynstur eða mynstur í saumaröð. Nánar um þetta á bls. 28.


Hliðarspeglun (B)

Ýtið á þennan hnapp til að hliðarspegla viðkomandi saum eða saumaröð. Ef þið ýtið á þennan hnapp þegar þið hafið valið beint spor með vinstri nálarstöðu, þá breytist nálarstaðan í hægri nálarstöðu. Einnig er hægt að spegla ákveðið mynstur í saumaröð, og speglunin er sýnd á skjánum.

Ef þið snertið þennan hnapp meðan þið saumið, lýkur vélin við þann saum sem verið er að sauma, en mun spegla næsta saum.

Lengingarhnappur fyrir sauma (C)

Með þessum lengingarhnappi er hægt að lengja flatsaumana 3:14, 3:15, 3:16, 4:01, 4:02 og 4:04 allt að fimm sinnum upprunalega lengd án þess að sporþéttleikinn breytist, og þessi lenging sést á skjánum.



A

B

C

Leiðréttinga hnappur (A)

Til að breyta stillingum á staf eða saum í minnisaðgerð, þá notið þið + eða - hnappana á saumbreiddar eða sporlengdar hnöppunum til að velja þann saum sem á að breyta. Síðan ýtið þið á “Edit” hnappinn til að setja sauminn í breytingar aðgerð. Nú getið þið breytt sporlengd og saumbreidd á handvirkan hátt. Ýtið aftur á “edit” hnappinn til að fara aftur yfir í minnis aðgerð.


Hreinsunar hnappur (B)

Notið þennan hnapp til að stroka út eða eyða röngum staf eða röngu mynstri í saumaröð, og vélina eyðir því sem þið veljið. Í hvert sinn sem ýtt er á hnappinn eyðist einn stafur eða saumur í saumaröðinni.

Hljóðmerki



Í hvert sinn sem ýtt er á hnapp heyrst smellur sem gefur til kynna að þið eruð að velja einhvern saum eða aðgerð. Vélina gefur einnig frá sér viðvörunarhljóð ef þið reynið að velja ranga aðgerð.

Hægt er að slökkva á þessum hljóðmerkjum ef þið viljið, en það er gert með því að velja “E” hnappinn um leið og þið kveikið á vélinni. Á skjánum sjáið þið tvær mögulegar aðgerðir. Veljið á milli þess að hafa hljóðið á eða ekki (audio on or off) með því að ýta á + eða - hnappana fyrir saumbreiddina. Ýtið á “M” hnappinn til að fara aftur yfir í venjulega aðgerð.




Tákn á skjánum

- A. Númer saums
- B. Ráðlögð tvinnaspenna
- C. Ráðlagður saumfótur
- D. Afturábak tákn
- E. Tákn fyrir nálina uppi / niðri
- F. FIX tákn
- G. STOP tákn
- H. Tákn fyrir speglun
- I. Sporlengd
- J. Nálarstaða
- K. Saumur
- L. Saumbeidd




Tákn á skjánum: Fyrir stafróf

- M. Saumur/Númer á staf
- N. Ráðlögð tvinnaspenna
- O. Ráðlagður saumfótur
- P. Afturábak tákn
- Q. Tákn fyrir nálina uppi / niðri
- R. FIX tákn
- S. STOP tákn
- T. Sporbreidd
- U. Saumur





Tákn á skjá: Saumlenging

- V. Saumur númer
- W. Saumlenging
- X. Ráðlögð tvínnaspenna
- Y. Afturábak tákn
- Z. Tákn fyrir nálina uppi / niðri
- a. FIX tákn
- b. STOP tákn
- c. Saumfótur
- d. Sporlengd
- e. Saumbreidd



Tákn á skjá: Minni


- f. Minni númer
- g. Númer á núverandi saum
- h. Samtals fjöldi sauma
- i. Saumbreidd
- j. Sporlengd
- k. Tákn fyrir nálina uppi / niðri
- l. Tákn fyrir speglun
- m. FIX tákn
- n. STOP tákn
- o. Saumur sem þarf að leiðrétta
- p. Nálarstaða



Viðvörðunarskilaboð

Saumfóturinn er ekki niðri

Ef þið snertið fótmótstöðuna og saumfóturinn fer ekki niður, gefur vélin frá sér hljóðmerki og kemur með eftirfarandi skilaboð.




Aðalmótor óvirkur

Þessi skilaboð þýða að tvinni er fastur einhvers staðar og handhjólið hreyfist ekki. Lítið á truflanir og ráð við þeim á bls. 45.




Handfang fyrir hnappagat er ekki niðri

Hnappagat eða saumur fyrir ístopp var valinn og stígið var á mótstöðuna án þess að gæta að því að armurinn fyrir hnappagat var enn í efri stöðu.




Handfang fyrir hnappagat er ekki uppi

Saumur - annar en hnappagat eða ístopp var valinn og stígið var á mótstöðuna án þess að gæta að því að armurinn fyrir hnappagat var enn í neðri stöðu.



Spólun

Þessi mynd kemur þegar verið er að spóla á spóluna. Þegar spólan er orðin full og spólaranum hefur verið ýtt til vinstri, hverfur þessi mynd af skjánum.




Forritun

Í þessari vél er einnig hægt að forrita saumaraðir. Þið getið forritað allt að 20 sauma og stafi í röð. Þið getið notað alla sauma nema eftirfarandi: 1:09, 1:00, 2:07, 2:08, 2:09, 2:10, 2:11 og 2:12. Vistið röðina síðan í einhverju af 4 minnum vélarinnar.

Saumaröð búin til


1. Ýtið á minnishnappinn á vélinni
Sprettigluggi kemur á skjáinn og þið getið valið hvaða minni þið viljið nota. Veljið eitt af minnunum (1-4).
2. Þegar þið eruð í minnisskjánum þá blikkar bendill á fremsta staðnum.
3. Veljið saum með hnöppunum fyrir saumavalmyndirnar til að fara í viðkomandi valmynd og veljið síðan númer þess saums sem á að nota.
4. Saumurinn sem valinn var kemur nú á skjáinn og bendillinn færast yfir á næsta stað. Veljið nú fleiri sauma.
5. Byrjið að sauma saumaröðina.
6. Ýtið á minnishnappinn til að yfirgefa minnis aðgerðina.

ATH: Til að sjá einstaka sauma getið þið flett upp á yfirlitinu yfir sauma á bls. 46-48.



Saumum eða stöfum bætt inn í saumaröð


1. Til að bæta saum eða staf inn í saumaröð setjið þið bendilinn á þann stað sem þið viljið bæta saumnum inn á, og nýr saumur kemur þá á þann stað sem bendillinn er staðsettur. Þið farið fram og til baka með bendilinn í saumaröðinni með því að ýta á saumbreiddar eða lengdar hnappana + eða -.
2. Veljið saumavalmynd og síðan þann saum sem þið viljið nota.



A

Leiðrétting á saumum/stöfum

1. Í minnis aðgerð notið þið sporbreiddar eða lengdar hnappana + og - til að staðsetja bendilinn á þann saum sem breyta á.
2. Ýtið á "E" hnappinn til að leiðrétta sauminn. Bakgrunnur saumsins sem þið ætlið að leiðrétta verður svartur. Þið getið leiðrétt breidd, lengd og speglað mynstrið og í sumum tilfellum lengt það.
3. Ýtið aftur á "E" hnappinn til að fara aftur í minnis-aðgerð.



B

Saumar/stafir fjarlægðir

1. Í minnis aðgerð notið þið sporbreiddar eða lengdar hnappana til að fara á þann saum sem á að fjarlægja. Vélin mun eyða þeim saum sem er fyrir ofan bendilinn.
2. Ýtið á "C" hnappinn til að eyða saumnum sem valinn var. Saumurinn sem var fyrir aftan sauminn sem var eytt færir nú fram.

Minni opnað og saumur úr því saumaður

1. Farið í minnis aðgerð með því að snerta "M" hnappinn.
2. Veljið númerið á minninu sem þið viljið komast í og það opnast.
3. Byrjið að sauma með því að stíga á fótmótstöðuna. Bendillinn á skjánum færist með saumaröðinni um leið og saumað er.

ATH: Þegar þið komið að lokum saumaraðarinnar byrjar vélin aftur á henni frá byrjun þ.e.a.s. ef þið hafið ekki forritað stop í hana. Vélina byrjar að sauma röðina þar sem bendillinn er staðsettur.

Saumlenging

Að lengja saum þýðir að þið getið lengt ákveðin útsaumsmyndur án þess að sporþéttleikinn í þeim breytist. Þið getið á þennan hátt lengt eftirtalin myndur: 3:14, 3:15, 3:16, 4:01, 4:02 og 4:04.

Hægt er að lengja þessa sauma eða myndur allt að fimm sinnum upprunalega lengd. Þegar þið ýtið á hnappinn fyrir saumlengingu kemur myndin hér til hliðar á skjáinn. Saumurinn á skjánum breytist síðan eftir því hve mikið þið lengið hann.



Saumað

Venjulegar saumur er notaður til að sauma saman tvö eða fleiri lög af efnum með saumfari sem oftast er síðan straujað út. Í flestum tilfellum eru jaðrar efnanna kastaðir áður en þau eru saumuð saman.

Saumar fyrir teygjanleg efni verða að vera jafn teygjanlegir og efnin sjálf.

1:1 Beinn saumur

Efni: Meðal ofin efni - tvö lög.

Notið: Saumfót A og nál nr. 80.

Látið jaðarinn renna meðfram 15 mm. saumlínunni.



1:2 Teygjanlegur saumur

Efni: Þunn teygjanleg - tvö lög.


Notið: Saumfót A og "stretch" nál nr. 75.

Látið efnið renna meðfram 10 mm saumlínunni.



Jaðar/bútasaums stýring

Jaðar og bútasaums stýringin er notuð fyrir stungur sem eru lengra frá jaðrinum eða til að láta stýringuna renna í fyrri saum þegar verið er að vattstinga. Rennið stýringunni inn í smelluna á fóthöldunni og stillið í hæfilega breidd og hæð.



Kastsaumur

Þriggja þrepa zik zak saumurinn getur verið allt að 7 mm breiður og hentar fyrir allar gerðir af efnum. Notið þennan saum til að kasta jaðra, sauma saman tvo jaðra, jaðar við jaðar, gera við rifur o.fl. Notið jaðarfót J þegar þið kastið jaðra.

1:4 Þriggja þrepa zik zak
Efni: Allar gerðir af efnum.
Notið: Saumfót J.



Saumur og kastsaumur

Saumur og kastsaumur saumar efnin saman og gengur frá jaðrinum í einum saum. Það eru nokkrir slíkir saumar í vélinni, sem henta fyrir mismunandi efni.

1:7 Kastsaumur
Efni: Teygjanlegt þunnt eða ofið þunnt/meðal, tvö lög.
Notið: Saumfót J.
Látið tána á saumfætinum stýra efninu eins og sýnt er á myndinni.



2:1 Tvöfalt overlock spor
Efni: Ofin gróf - tvö lög.
Notið: Saumfót B og nál nr. 80.



1:8 Teygjanlegur saumur og kastsaumur
Efni: Teygjanlegt gróft - tvö lög
Notið: Saumfót B og nál nr. 90.




Ístopp og bætur

Að gera við lítið gat eða litla rifu getur bjargað flík frá því að verða ónýtt. Veljið fínan tvinna í eins líkum lit og flíkin er.

- Setjið hnappagatafót C á vélina og velið saum 2:07.
- Setjið efnið á sinn stað undir saumfótinn.
- Lækkið saumfótinn og togið töluhölduna aftur á bak. Með þessu stillið þið fótinn fyrir hentuga lengd á ístopps sporinu.
- Stígið á fótmótstöðuna og saumið fram yfir gatið eða rifuna. Nú mun vélin sauma 15 sinnum fram og til baka yfir skemmdina.



ATH: Hámarks lengd á saumnum er 2,6 cm. og hámarks breidd er 7 mm.

2:07 Saumur fyrir ístopp
Efni: Allar gerðir af efnum.
Notið: Hnappagatafót C.



Faldar á gróf efni

Þegar þið saumið yfir grófa þversauma á mjög grófum efnum eins og t.d. á földum á gallabuxum, getur verið erfitt fyrir saumfótinn að komast upp á þversauminn. Notið þá jöfnunarplötuna til að jafna út þykktina á þversaumnum bæði þegar þið farið upp á sauminn og þegar þið farið út af eða niður af honum. Önnur hliðin er þynnri og hin þykkari og ætti önnur hvor ávallt að henta fyrir það efni sem þið eruð að sauma.



Blindföldun

Með blindfaldinum er hægt að sauma ósýnilegan fald á efni eða flíkur. Um er að ræða tvær gerðir af þessum faldi; annar er fyrir fyrir meðal til gróf ofin efni, en hinn fyrir meðal til gróf teygjanleg efni.


Brjótið efnið eins og sýnt er. Gætið þess að brotlínan á faldbrúninni renni meðfram hægri "tánni" á blindsaumsfætinum D.

Lækkið saumfótinn og stígið á fót-mót-stöðuna.


Þegar nálin sveiflast til vinstri á hún aðeins að grípa í einn þráð á brotinu á efninu.

Ef nauðsyn krefur stillið þið saumbeiddina þannig að nálin rétt nái brotinu.


ATH: Blindsaumur hentar ekki á þunn efni.



meðal/gróf
teygjanleg efni




meðal/gróf
ofin efni



Hnappagöt

Hnappagötin sem eru í vélinni ættu að henta öllum efnum og flíkum. Kíkið á saumatöfluna á síðustu blaðsíðunum til að finna lýsingar á þessum mismunandi hnappagötum.

Ávallt ætti að hafa undirlegg undir eða á milli laga efnanna þegar verið er að sauma hnappagöt.




Hnappagatafótur C

1. Merkið fyrir á efninu hvar hnappagötin eiga að vera.
2. Setjið hnappagatafóttinn C á vélina og togið töluhölduna aftur á bak og setjið tölu í hana. Tölustærðin ákvarðar stærð hnappagatsins.
3. Fullvissið ykkur um að tvinninn hafi verið þræddur niður í gegn um gatið á fætinum og liggi undir honum.
4. Veljið það hnappagat sem á að sauma og stillið þá gerð og lengd sem þið ætlið að nota.

ATH: Saumið ávallt prufu hnappagat á afgangsbút.


5. Staðsetjið efnið þannig að merkið fyrir staðsetningunni þar sem hnappagatið á að koma sé undir miðjum fætinum.
6. Lækkið handfangið fyrir hnappagötin og ýtið á það frá ykkur.
7. Haldið í endann á yfirtvinnanum og byrjið að sauma. Hnappagötin saumast framan frá í hnappagatafætinum og aftur á bak.
8. Þegar vélin er búin með hnappagatið lyftið þið saumfætinum.



Hnappagat með undirleggsþræði (fyrir teygjanleg efni)

Þegar hnappagöt eru saumuð í teygjanleg efni mælum við með því að hafa undirleggsþráð undir þeim til að koma í veg fyrir að það tegjist á þeim.

1. Búið til lykkju á gróft baðmullar eða perlugarn og smeygið henni yfir krókinn sem er aftan á hnappagatafætinum C.
2. Saumið hnappagat og látið vélina sauma það yfir undirleggsþráðinn.
3. Þegar hnappagatið er fullsaumað losið þið lykkjuna af króknum á fætinum og togið slakann inn í hnappagatið.
4. Krossið þræðina fyrir framan seinni heftinguna, þræðið þá í grófa handnál og þræðið þá niður á röngu efnisins og hnytið þá þar saman. Klippið afgangs endana frá.
5. Notið sprettihnífinn til að opna hnappagatið á varlegan hátt. Mjög gott er að setja tituprjóna þversum innan við heftingarnar þannig að ekki verði skorið í þær.



Töluáfesting


Festið tölur, lykkjur, króka o.fl. á fljótlegan og öruggan hátt með vélinni, og þessar tölur losna ekki svo auðveldlega. Notið jöfnunarplötuna ef þið viljið hafa háls á tölunni.

1. Saumið töluáfestingarsauminn 1:09.
2. Smellið saumfætinum af fóthöldunni - við notum eingöngu fóthölduna til að festa á tölur. Takið flytjarann úr sambandi
3. Setjið efnið, töluna og e.t.v. jöfnunarplötuna undir fóthölduna og látið götin á tölunni liggja eins og nálin sveiflast. Snúið handhjólinu heilan hring til að athuga hvort nálin fari ekki örugglega í götin á tölunni.

ATH: Saumbreidd 3 er algengasta saumbreiddin fyrir tölur, en ef þið eruð að festa pínulitlar eða mjög stórar tölur gæti þurft að breyta þessari saumbreidd. Þið minnkið (-) eða breikkið (+) með sporbeiddartökkunum.

4. Stígið á fótmótstöðuna. Vélin saumar nú töluna á flíkina, heftir fyrir og stöðvast að því loknu.
5. Setjið flytjarann aftur í samband og fjarlægið efnið.

ATH: Notið þynnri endann á jöfnunarplötunni fyrir hálsa á þunn efni, en þykkari endann á henni fyrir hálsa undir tölur á þykkari efnum. Festið jöfnunarplötuna einfaldlega með glæru límbandi.





Rennilásar

Hægt er að smella rennilásafætinum E þannig á fóthölduna að hann sé annað hvort vinstra eða hægra megin við nálina, sem auðveldar að sauma báðar hliðar rennilássins í sömu saumátt. Færið saumfótinn til á höldunni þegar hin hliðin verður saumuð.


Rennilás í miðju

1. Saumið efnislögin tvö saman réttu á móti réttu og með 15 mm saumfari, þar til komið er að þeim stað sem rennilásinn á að vera.
2. Þræðið það sem eftir er að sauma og þar sem rennilásinn á að koma og staujið út jaðrana. Setjið réttu rennilássins á saumfarið og gætið þess að neðri endinn á honum sé við endann á saumnum sem þið saumuðuð. Festið lásinn með þræðisporum þannig að hann haldist á réttum stað.
3. Veljið beinan saum og færið nálarstöðuna til vinstri. Smellið rennilásafætinum E þannig á fóthölduna að nálin sé vinstra megin við fótinn. Setjið efnið undir fótinn með réttuna upp og rennilásafótinn ofan á hægri hlið rennilássins.
4. Byrjið á því að sauma þversum fyrir neðan rennilásinn, snúið efninu síðan og saumið hægri hlið lássins alla leið upp.



5. Til að koma í veg fyrir að efnið misfærist eða dragist til er vinstri hliðin á lásnum saumuð í sömu átt. Smellið rennilásafætinum E þannig á hölduna að nálin sé hægra megin við fótinn. Færið nálarstöðuna yfir til hægri.
6. Byrjið að sauma þversum fyrir neðan rennilásinn og saumið síðan vinstri hliðina á honum alla leið upp.
7. Fjarlægið nú þræðisporin.

ATH: Til að saumlínan verði jöfn beggja megin þarf e.t.v. að færa nálarstöðuna til.




Rykkning



Slökkvið á aðalrofanum

1. Smellið rykkingarfætinum á vélina.
2. Ef þið ætlið að rykkja aðeins einfalt efni, setjið þið það undir fótinn og saumið beinan saum. Efnið rykkist.
3. Ef þið eruð með tvö lög af efnum er annað efnið sett undir fótinn, en hitt í raufina sem er á fætinum (sjá mynd).
4. Byrjið að sauma. Neðra lagið mun rykkjast, en efra lagið verður slétt.




Skipt um peru

Notið eingöngu perur af sömu gerð og gefnar eru upp framan á vélinni (12V, 5W). Þær fást hjá Husqvarna Viking umboðinu.



Slökkvið á aðalrofanum.

- 1 Setjið dýpri endann á peruskiptinum sem merktur er OUT utan um peruna. Snúið perunni EKKI, heldur togið hana einfaldlega niður til að fjarlægja hana.
- 2 Þegar þið setjið nýja peru í þá notið þið grynri endann á peruskiptinum sem er merktur IN, utan um peruna og þrýstið perunni á sinn stað.



Umhirða á vél

Til að vélin vinni vel og örugglega þarf að hreinsa hana oft. Ekkert þarf að smyrja vélina.



Slökkvið á aðalrofanum.

Hreinsun

Hreinsið vélina að utanverðu með hreinum og mjúkum klút til að hreinsa fitu og óhreinindi af henni.

Hreinsun á spólusvæðinu



Slökkvið á aðalrofanum

1. Fjarlægið saumfótinn, lokið yfir spólunni og spóluna.
2. Hreinsið flytjarann með bursta.


Hreinsað undir spólusvæðinu




Slökkvið á aðalrofanum

Eftir að hafa saumað í nokkurn tíma er nauðsynlegt að hreinsa einnig undir spólusvæðinu.


1. Fjarlægið nálina, saumfótinn, lokið yfir spólunni og spóluna.
2. Fjarlægið stingplötuna með því að fjarlægja skrufurnar tvær sem halda henni. Fjarlægið plötuna síðan.




3. Lyftið spóluhúsinu upp á við og fjarlægið það.



4. Hreinsið svæðið með bursta og/eða hreinum klút.



5. Setjið spóluhúsið aftur í gríparadrifið þannig að oddurinn fari á stopparann.



Gangtruflanir

Ef vandamál kom upp, reynið þá eftirfarandi:

- Þræðið yfir og undirtvinnana á ný.
- Notið aðra stöðu fyrir keflispinnann (lóðréttu eða láréttu).
- Notið tvinnanet yfir tvinnakeflið og munið að nota aðeins gæðatvinna. Við mælum með sama tvinna sem yfir og undirtvinna fyrir almennan saum. Fyrir skrautsauma mælum við hins vegar eindregið með fínunm útsaumstvinna og jafnvel finni undirtvinna.

Efnið rykkist ?

- Athugið nálina, hún gæti verið skemmd.
- Endurþræðið yfir og undirtvinna.
- Skiptið um tvinna til að hann henti efninu og saumataekninni.
- Notið gæðatvinna.
- Styttið sporlengdina.
- Notið undirleggsefni
- Athugið tvinnaspennuna.

Vélin hleypur yfir ?

- Athugið nálina - hún gæti verið skemmd.
- Notið rétta og réttan grófleika af nál.
- Athugið að nálin sé rétt sett í vélina og alla leið upp í nálarhölduna.
- Endurþræðið yfir og undirtvinnann.
- Notið saumfót sem mælt er með.
- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni.
- Hafið samband við umboðið.

Nálin brotnar ?

- Gætið þess að toga ekki í efnið á meðan verið er að sauma.
- Setjið þá tegund og þann grófleika af nál í vélina sem mælt er með.
- Setjið nálina í vélina eins og mælt er með - sjá bls. 10.

Léleg tvinnastilling ?

- Endurþræðið yfir og undirtvinnann.
- Setjið þá tegund og þann grófleika af nál í vélina sem mælt er með.
- Farið eftir leiðbeiningunum um rétta tvinnastillingu.

Yfirtvinninn slitnar ?

- Rennur tvinninn auðveldlega - ekkert sem togar í hann ?
- Notið tvinnanet fyrir tvinnakeflið og munið að nota aðeins gæðatvinna. Við mælum með sama tvinna sem yfir og undirtvinna fyrir almennan saum. Fyrir skrautsauma mælum við hins vegar eindregið með fínunm útsaumstvinna og fanvel finni undirtvinna.
- Endurþræðið yfir og undirtvinnann - athugið rétta þræðingu.
- notið aðra stöðu fyrir keflispinnann (lóðréttu eða láréttu).
- Ef gatið í stingplötunni er skemmt þá þarf að skipta um plötuna.
- Er rétt skífa notuð á keflispinnann fyrir framan tvinnakeflið ?

Efnið færast ekki ?

- Flytjarinn í sambandi ?
- Aukið sporlengdina.

Undirtvinninn slitnar ?

- Spólið á aðra spólu.
- Skiptið um spólu í vélinni og yfirfarið þræðinguna.
- Ef stingplatan er skemmd, þá þarf að skipta um hana.
- Hreinsið spólusvæðið.

Ójafnt spólað á spóluna ?

- Yfirfarið þræðinguna fyrir spólun.

Rangir saumar, óreglulegir eða of mjóir ?

- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni.
- Skiptið um nál, endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann.
- Notið undirleggsefni.

Vélin saumar hægt ?

- Athugið stilltan hraða
- Fjarlægið stingplötuna og burstið ló og óhreinindi úr spólusvæðinu og í kringum flytjarann.
- Hafið samband við umboðið.

Vélin saumar ekki ?

- Setjið spólarann upp í saumastöðu.
- Athugið að allar leiðslur séu vel settar í tenglana á vélinni.
- Athugið hvort rafmagn sé á vegg-tenglinum.

Aðalmótor gengur ekki

- Hreinsið tvinnaenda og óhreinindi í spólusvæðinu (sjá bls. 42).
- Fjarlægið stingplötuna og hreinsið tvinnarestar og óhreinindi.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann.

Látið Husqvarna Viking umboðið fara reglulega yfir saumavélina.

Ef þið hafið farið yfir allar þær gangtruflanir sem lýst er hér að framan og hafið enn við vandamál að stríða, þá er best að koma vélinni til umboðsins. Ef þið eigið við eitthvað einstakt vandamál að stríða er langbest að láta sýnishorn af saumavandamálinu fylgja með vélinni. Slíkt saumað sýnishorn getur oft sagt mörgum sinnum meira en þúsund orð.

Notið eingöngu upprunalega vara og fylgihluti

Ábyrgð vélarinnar fellur niður ef notaðir eru aðrir en upprunalegir Husqvarna vara og fylgihlutir.


Saumatafla

Hlutinn sem merktur er með rauðu sýnir einn einstakan saum


1. Nytjasaumar			Notist við
1:0 	Hnappagat	C	Hnappagöt fyrir blússur,skyrtur og léreft.
1:1 	Beinn saumur	A	Fyrir alls konar sauma á ofin efni.
1:2 	Teygjanlegur saumur	A	Fyrir sauma á jersey og teygjanleg efni.
1:3 	Styrktur beinn saumur	A	Fyrir sauma sem mikið reynir á t.d. skrefsauma. Einnig fyrir stungusauma á sport og vinnufatnað. Saumið þá með löngum sporum.
1:4 	Priggja þrepa zik zak	A	Til að kasta jaðra, sauma á bætur og teygjur.
1:5 	Zik zak	A	Fyrir blúndusaum og bönd.
1:6 	Flatlock	B	Fyrir skrautsaums falda og sauma þar sem efnin liggja á mis, fyrir belti og bönd - meðal/gróf teygjanleg efni.
1:7 	Kastsaumur	A	Saumur og kastsaumur í einum saum fyrir teygjanleg eða ofin efni. Klippa má seinna frá jaðrinum
1:8 	Overlock	B	Saumur og kastsaumur í einum saum fyrir meðalgróf teygjanleg eða ofin efni. Klippa má seinna frá jaðrinum
1:9 	Töluáfesting	–	Til að festa tveggja og fjögurra gata tölum á efni.
2:01 	Tvöfalt Overlock	B	Saumur og kastsaumur í einum saum fyrir gróf teygjanleg efni. Klippa má seinna frá jaðrinum.
2:02 	Saumur fyrir ístopp	B	Til að stoppa í vinnufatnað, gallabuxur, dúka, handklæði o.fl.
2:03 	RicRac Saumur	B	Til að sauma saman efni jaðar við jaðar, leður sem lagt er á mis eða fyrir skrautsauma
2:04 	Teygjanlegur blindfaldur	D	Ósýnilegur faldur á meðal og gróf teygjanleg efni
2:05 	Blindfaldur fyrir ofin efni	D	Ósýnilegur faldur á meðal og gróf ofin efni

1. Nytjasaumar			Notist við
2:06 	Tengisaumur	B	Til að sauma saman tvö efni með föstum jöðrum, og fyrir rykkingu með teygjutvinna.
2:07 	Saumur fyrir ístopp	C	Til viðgerða á vinnufatnaði, gallabuxum, dúkum o.fl.
2:08 	Heftingar	C	Til að hefta fyrir beltaslaufur, styrkja vasaop og klaufar á pilsum
2:09 	Afrúnnað hnappagat	C	Aldamóta hnappagat með "handavinnuútliti" fyrir fín og viðkvæm efni.
2:10 	Teygjanlegt hnappagat	C	Gróft styrkt hnappagat fyrir gróf efni.
2:11 	Augahnappagat	C	Augahnappagat með þversum heftingu fyrir jakka, kápur o.fl.
2:12 	Kóssar	B	Fyrir belti, flíkur o.fl.
2:13 	Flatsaumur 2mm	B	Fyrir applíkeringar, afrúnnaðar brúnir, blúndur, bönd o.fl.
2:14 	Flatsaumur 4mm	B	Fyrir applíkeringar, afrúnnaðar brúnir, blúndur, bönd o.fl.
2:15 	Flatsaumur 6mm	B	Fyrir applíkeringar, afrúnnaðar brúnir, blúndur, bönd o.fl.


Sauma valmynd 3



Sauma valmynd 4



Sauma valmynd 5



Stafrófs valmynd

Aa1	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O	P	Q	R	S	T	U	V	W	X	Y	Z
	01	02	03	04	05	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26
	a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n	o	p	q	r	s	t	u	v	w	x	y	z
	27	28	29	30	31	32	33	34	35	36	37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52
	Å	Ä	Æ	Ñ	Ö	Ø	Š	Ž	š	ž	č	š	ž	č	š	ž	č	š	ž	č	š	ž	č	š	ž	č
	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	&	?	!	'	,	.	@	-	_							
	79	80	81	82	83	84	85	86	87	88	89	90	91	92	93	94	95	96	97							